

## Tilkynning frá forseta kirkjubings nr. 4/2022

### Kirkjubing 2022 – 2023

Ágætu kirkjubingsfulltrúar og starfsfólk

Vísað er til [tilkynningar](#), dags. 14. júní 2022, um ýmis atriði er varða komandi kirkjubing 2022 – 2023 og þjónustu fyrir þingfulltrúa. Þar er m.a. að finna upplýsingar um námskeið um kirkjubing fyrir þá sem áhuga hafa, daginn fyrir þingsetningu, þ.e. 21. október nk. Námskeiðið hefst kl. 15 og stendur til kl. 17. Léttar veitingar verða að námskeiði loknu í boði þingforseta.

Vegna undirbúnings þingsins er **þörf á nokkrum upplýsingum frá þingfulltrúum**. Er um að ræða eftirfarandi:

**1. Kjör til fastanefnda kirkjubings**, sbr. [starfsreglur](#) um þingsköp kirkjubings, nr. 10/2021, IV. kafla. Einungis kjörnir fulltrúar sitja í fastanefndum. Forsætisnefnd kirkjubings ber ábyrgð á skipan fastanefnda. Fastanefndir kirkjubings eru:

**a. Allsherjarnefnd**, skipuð **nú** kirkjubingsfulltrúum. Nefndin fær þær skýrslur sem skylt er að leggja fram á kirkjubingi til umfjöllunar og öll önnur þingmál sem falla utan verksviðs hinna nefndanna.

**b. Fjárhagsnefnd**, skipuð **átta** kirkjubingsfulltrúum. Nefndin fær til umsagnar fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar og yfirlit reikninga kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða kirkjunnar sem sæta endurskoðun. Þá koma til kasta nefndarinnar önnur mál fjárhagslegs eðlis sem fram eru borin á þinginu.

**c. Löggjafarnefnd**, skipuð **átta** kirkjubingsfulltrúum. Nefndin fjallar um þau mál sem fram eru borin á þinginu og varða löggjöf og starfsreglur.

Hvorki forseti kirkjubings né fulltrúar í framkvæmdanefnd kirkjubings sitja í framangreindum nefndum. Verður því við kjör til nefndanna kosningu forseta og fulltrúa í framkvæmdanefnd lokið.

Tekið skal fram að þingmálum kann að vera vísað til allra þingnefnda þyki málfefnið gefa tilefni til þess. Enn fremur eru fordæmi fyrir því, ef málafjöldi er mikill, að jafna álagi á nefndir með því að skipta málum niður og víkja þar með frá framangreindum almennum viðmiðum.

Við tillögugerð um skipan fulltrúa í fastanefndir verður m.a. eftirfarandi sjónarmiða gætt eins og aðstæður leyfa:

- ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- jafnræðis kynslóða
- þátttöku fulltrúa frá öllum kjördæmum
- að vígðir fulltrúar séu ekki fleiri en fjórir í hverri nefnd
- að horfa til sérstakrar þekkingar, menntunar og reynslu fulltrúa sem gæti nýst viðkomandi nefnd vel.

**Þess er óskað að þeir kjörnir fulltrúar á kirkjubingi sem vilja taka sæti í tiltekinni nefnd sendi á netfangið kirkjuthing hjá kirkjan.is óskir sínar um setu í föstum þingnefndum með því að raða nefndum upp í 1., 2. og 3. sæti.**

### **2. Greiðsla ferðakostnaðar og uppihald.**

Boðið er upp á morgunkaffi, hádegisverð og síðdegiskaffi alla þingdaga. Kirkjubingsfulltrúar fá greidda hálfu fæðispeninga ef ekki er boðið upp á kvöldverð á kirkjubinginu. Enn fremur fá

Þingfulltrúar greidda hálfa fæðispeninga vegna aksturs til og frá þingstað vari akstur þingmanns lengur en sex klukkustundir. Kirkjupingsfulltrúar fá greiddan sanngjarnan gistikostnað, þar sem það á við. Greiðslur samkvæmt 1. og 2. mgr. miðast við gildandi ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins, sbr. auglýsingar nefndarinnar á vef stjórnarráðsins.

### 3. Annað

- Minnt er á að kirkjupingsmenn fá tölvupóstfang @kirkjan.is og aðgang að Þjónustuskýi þjóðkirkjunnar en þar er vefútgáfa af Microsoft forritum eins og Outlook, Teams, Word, Excel og fleirum. Kirkjuping verður með svæði á Teams. Þar verða m.a. önnur skjöl en þingskjöl aðgengileg, teymi verða stofnuð fyrir fastanefndir o.fl. nefndir og spjallþræðir settir upp.
- Bílastæði er í bílarkjallara undir Höfðatorgi (aðkoma frá Katrínartúni eða Þórunnartúni). Bílastæðagjald er greitt fyrir fulltrúa. Þingfulltrúar **eru beðnir um að senda skráningarnr.** bifreiðar svo unnt sé að skrá númerið meðan á þingi stendur.
- Ef um fæðuóþol er að ræða óskast það tilkynnt.
- Ef einhverjar spurningar eru eða annað, þá vinsamlegast hafið samband og starfsfólk þingsins gerir sitt besta til að leysa úr því.

Svör sendist á netfangið kirkjuthing hjá kirkjan.is **fyrir lok dags 1. september nk.**

Reykjavík, 23. ágúst 2022

F.h. forseta kirkjupings

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjupings